

Lóðir Reykárhverfi IV – Allt að 50% afsláttur



Eyjafjarðarsveit auglýsir lausar til umsóknar 9 lóðir fyrir einbýlishús á einni hæð (E I) lóðir nr. 2, 4, 6, 8, 10, 12, 14, 38 og 40 og 4 lóðir á einni eða tveim hæðum (E I/II) lóðir nr. 1, 5, 7 og 9. Skipulagssvæðið liggur norðan Hrafnagilsskóla og austan Eyjafjarðarbrautar vestri.

Lóðirnar eru byggingarhæfar og um lóðaúthlutanir á árinu 2010 gilda afsláttarreglur þannig að að uppfylltum ákveðnum skilyrðum er hægt að frá allt að 50% afslátt af gatnagerðargjaldi.

Gatnagerðargjald fyrir einbýlishús er að lágmarki kr. 4.970.385- í maí 2010 og er herra ef stærð húss er meiri en 210 m². Greislufyrirkomulag fyrir lóðaúthlutanir á árinu 2010 verður þannig að greiða þarf 25% af gjaldinu 30 dögum eftir tilkynninu um lóðaúthlutun. Síðan þarf að greiða 12,5% þrem og 12,5% sex mánuðum síðar. Verði húsið fokhelt ári eftir úthlutun fæst 25% afsláttur af gatnagerðargjaldinu, annars greiðist 25% þá. Síðan greiðist það sem eftir er 25% tveim árum eftir lóðaúthlutun, nema ef frágangi lóðar og hússins að utan verði lokið þá fellur þessi hluti gatnagerðargjaldsins niður.

Heildargatnagerðargjald þess sem gerir hús fokhelt innan árs og lýkur utanhússfrágangi og lóðafrágangi innan tveggja ára yrði þá kr. 2.485.193-

Umsóknareyðublöð eru á slóðum hér í á fyrir neðan ásamt skipulagsskilmálum fyrir byggingarsvæðið og gatnagerðargjaldskrá. Nánari upplýsingar fást á skrifstofu Eyjafjarðarsveitar að Syðra-Laugalandi.

Umsóknum skal skila á skrifstofu Eyjafjarðarsveitar. Berist fleiri en ein umsókn um lóð áður en lóð er úthlutað verður dregið á milli þeirra. Komi til þess að draga þurfi á milli umsækjenda verður tímasetning útdráttarins tilkynnt viðkomandi.